

8. fundur stjórnar FSÍ, þriðjudaginn 9. desember 2014, kl. 19:30, í fundarherbergi FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Arnar Ólafsson, formaður, Kristín Ívarsdóttir, ritari, Kristinn Arason, meðstjórnandi, Sunna Sigurðardóttir, gjaldkeri, Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri móta- og fræðslumála, Eva Hrund Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri, Sólveig Jónsdóttir, sviðsstjóri landsliðsmála, Berglind Pétursdóttir, formaður Tækninefndar áhaldafimleika kvenna, Sæunn Viggósdóttir, nefndarmanneskja Tækninefndar Fimleika fyrir alla, Anton Þórólfsson, varaformaður Tækninefndar áhaldafimleika karla.

Einar Ólafsson, varaformaður, Hlín Bjarnadóttir, formaður Fræðslunefndar og Olga Bjarnadóttir, formaður Tækninefndar í hópfimleikum boðuðu forföll.

Kristín Ívarsdóttir, ritari, var fundarstjóri og setti fundinn.

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál:

1. Tillaga að sektargeiðslum til félaga vegna skráninga á mót

Tillaga kemur frá sviðsstjóra móta- og fræðslumála.

Greinargerð:

Talið er mikilvægt að skráningar hjá félögum á mót verði komið í fastari skorður. Á þingi FSÍ árið 2012 var tekin ákvörðun um að afnema skráningar á mótum, nema ef um veikindi eða meiðsli væri að ræða. Þetta var vissulega skref í rétta átt en betur má ef duga skal og því er nauðsynlegt að þróa málin áfram þannig að skipulag móta sé tilbúið að minnsta kosti tveimur vikum fyrir mót. Því er mikilvægt að minnka sem mest nýskráningar og seinar dómarskráningar fyrir mót. Dómarskráningar hafa til að mynda verið ábótavanar. Því er lögð fram eftirfarandi tillaga að sektargeiðslum:

Flokkur	Skráning eftir skráningarfrest	Dómara skilað seint	Dómara ekki skilað	Tímarammi
I	1,5 x mótagjald pr keppenda	1,5 x mótagj. pr gildi		< viku
II	2 x mótagjald pr keppenda	2 x mótagj. pr gildi	8400 pr gildi	> viku

Dæmi miðað við mótagjöld dagsins í dag:

Flokkur	Skráning eftir skráningarfrest	Dómara skilað seint	Dómara ekki skilað	Tímarammi
I	3150 pr keppenda	3150 pr gildi	x	< viku
II	4200 pr keppenda	4200 pr gildi	8400 pr gildi	> viku

Farið í gegnum breytingar á upphaflegri tillögu. Setja þarf verklag hvað varðar rukkanir.

Tillaga er samþykkt af stjórn. Það þarf þó að setja verklag varðandi reikninga, skrifstofa fer í það.

2. Bréf frá Tækninefnd karla í áhaldafimleikum (TK) vegna vals á fimleikamanni ársins

Lagt fram til upplýsinga.

3. Úrvalshópur 9 – 11 ára drengja

Bréf kemur frá Tækninefnd í áhaldafimleikum karla (TK). Lagt fram til upplýsinga.

4. Boð frá UEG – Þjálfaranámskeið/Æfingabúðir í Tirrenia, Ítalíu

Erindi kemur frá skrifstofu FSÍ. Lagt fram til upplýsinga.

Málið rætt. Sviðsstjóri landsliðsmála mun setja inn auglýsingu um þetta á heimasíðu FSÍ.

5. Boð frá UEG – Evrópumót í áhaldafimleikum sem fram fer í Montpellier, Frakklandi

Erindi kemur frá skrifstofu FSÍ. Lagt fram til upplýsinga.

Málið rætt. Lokanafnaskráning í mars. Stefnum á þetta mót.

6. Boð frá FIG – FIG Age Group Camp

Erindi kemur frá skrifstofu FSÍ. Lagt fram til upplýsinga.

7. Önnur mál

Formannafundur og uppskeruhátíð sunnudaginn 4. janúar 2015.

Fundi slitið kl. 20:20.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 13. janúar 2015 kl. 19:30.

Eva Hrund Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri, ritaði fundinn.